# Þingsályktun

**um könnun á veiðiþoli beitukóngs.**

---

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta gera úttekt á möguleikum til að nýta beitukóng við Ísland. Úttektin skal meðal annars fela í sér mat á útbreiðslu tegundarinnar, veiðiþoli og æskilegum veiðiaðferðum en jafnframt taka til markaðsstöðu og leiða til að markaðssetja afurðir úr beitukóngi.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. maí 1997.*